



ÖLFUS

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa

Viðkomandi mun bera ábyrgð á matseld fyrir nemendur og starfsmenn leik- og grunnskóla í Þorlákshöfn.

Vinnustaður er í Leikskólanum Bergheimum.

Rekstur skólaeldhúss er samstarfsverkefni Leikskólans Bergheima og Grunnskólans í Þorlákshöfn og vinna báðir skólarnir skv. grænfánastefnu.

Verkefnin eru fjölbreytt en auk þess að matreiða hádegismat hefur matreiðslumaður umsjón með morgun- og síðdegiskaffi.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf í síðasta lagi 1. janúar 2020 en æskilegt að hann geti hafið störf fyrr.

Vinnutími er að jafnaði frá kl. 07:00-15:00 alla virka daga.

Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri mötuneytis
- Ábyrgð á innkaupum og birgðahaldi
- Ábyrgð á vinnuskipulagi þeirra sem starfa í mötuneyti á hverjum tíma

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði matreiðslu nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun eldhúss er æskileg
- Umsjón með vinnslu matseðla með næringarútreikningum
- Áhugi á fjölbreyttri og hollri matargerð
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Snyrtimennska og hreinlæti er skilyrði

Umsóknarfrestur er til 18. nóvember n.k.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Dagný Erlendsdóttir leikskólastjóri dagny@olfus.is og í síma 483-3660 og Guðni Pétursson sviðsstjóri gudni@olfus.is og í síma 480-3800.

Sveitarfélagið Ölfus